

Garðabær
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 12. desember 2021
UST202110-266/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Vífilstaðahraun - stígagerð og lögn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Garðabæjar, dagsett 27. október 2021, með viðbótargögnum, dagsett 4. nóvember 2021, um leyfi til framkvæmda innan Garðahraun efra, Garðarhraun neðra, Vífilstaðarhraun og Maríuhellar.

Garðahraun efra, Garðarhraun neðra, Vífilstaðarhraun og Maríuhellar eru friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 1060/2021. Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma á annan hátt jarðminjar, votlendi og gróðurfar í fólkvanginum, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að spilla gróðri, nema um sé að ræða gróður sem ógnar verndargildi svæðisins, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að trufla fuglalíf af ásetningi. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi Garðabæjar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins. Losun jarðefna og úrgangs er óheimil í fólkvanginum.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir endurgerð hluta stígs meðfram Urriðaholti og Vífilstaðahrauni og lögn í stígstæði milli stöðva 250-1150. Kort sem sýnir legu stígs og frárennislagna fylgdi með umsókn sem og teikningar sem sýna fláa. Ekki er gert ráð fyrir skeringum í hraunið. Stígurinn verður 3 metra breiður, upphækkaður, malbikaður og upplýstur. Hækkun stígsins er innan við 1m þar til komið er í stöð 775 en þá hækkar hann upp í allt að 2m yfir núverandi stíg. Þriggja metra háir ljósastaurar verða settir upp norðan við stíginn og vísa að Urriðaholti. Undir stígnum verða komið fyrir frárennislögnum á 2 m dýpi, undir endanlegri hæð stígsins, sem taka við frárennsli úr lóðum sem til stendur að byggja upp í Urriðaholti. Frárennislagnirnar sameinast við núverandi lagnir við gatnamót Kaupþúns. Fylling stígsins mun fela fleygaðar skurðbrúnir ef einhverjar verða. Miðað er við að flái út frá stíg á fyllingu verði 1:3. Þar sem fyllingin verður hæst verður raðað grjóti til að minnka vegalengdina sem fláinn teygir sig í áttina að hrauninu til að halda í grónar lautir við hraunjaðarinn. Búið er að leggja lagnir úr Urriðaholtsstræti að brunnum nr. 1. Búið er að skipta moldarefni í skurðstæði út fyrir bögglaberg frá brunnum 1 til 4. Vinnuslóði er sunnan skurðstæðis og uppgröftur liggur sunnan vinnuslóðans innan lóða og í manngerðu settjörnninni sem var þarna fyrir og verður hún endurgerð. Þörf er á sambærilegum vinnuslóða meðfram allri lagnaleiðinni sunnanverðri. Öll vélavinna vegna lagnavinnu er unnin sunnan stígsins. Framkvæmdin er að mestu í samræmi við aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 og deiliskipulag svæðisins sem samþykkt var 18. mars 2021. Í samráði við Umhverfisstofnun var upphafleg lega nyrsta hluta stígsins, eins og

hún var sett fram í deiliskipulagi, færð úr óröskuðu hrauni Vífilsstaðahrauns að Urriðaholtsstræti. Framkvæmdir þess hluta stígsins verður frestað þar til frekari hönnun hans liggur fyrir. Áætluð verklok eru í júní 2022.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun benti á að upphaflega áformuð lega stígsins við Urriðaholtsstræti hefði langtíma óafturkræf áhrif á hið friðlýsta hraun. Garðabær hefur tekið tillit til þessara ábendinga og hagrætt legu stígsins eftir því. Umhverfisstofnun metur framkvæmdina líklega til að valda einhverju raski í hraunjaðri Vífilsstaðahrauns. Vífilsstaðahraun er verndað sem fólkvangur og æskilegt að fólk hafi auðvelt aðgengi að fólkvanginum. Þessi framkvæmd er talin stuðla að betra aðgengi fyrir alla að fólkvanginum. Gestir fólkvangsins gætu orðið fyrir tímabundnum truflunum á meðan framkvæmd stendur. Mikilvægt er að halda í náttúrulega ásýnd svæðisins við frágang framkvæmda. Allt óþarfa rask á Vífilsstaðahrauni er með öllu óheimilt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Garðabæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan fólkvangsins Garðahrauns efra, Garðarhrauns neðra, Vífilstaðarhrauns og Maríuhella sbr. lýsingu hér að ofan, frá dagsetningu þessa bréfs og gildir leyfið til 31. júlí 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Einungis skal aka vinnuvélum og tækjum nauðsynleg eru vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Við uppgræðslu á sárum í gróðurþekju og hlíðum stígsins skal nota staðargróður.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að sækja þarf um leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum áður en vinna við verkefni hefst. Afgreiðslutími slíkra leyfa getur verið allt að 30 dagar.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur